

Fjallskilaseðill í Laxárdal 2017

Hér með tilkynnist að leitir og réttir í fjallskiladeild Laxárdals árið 2017 verða sem hér segir:

1. leit, laugardaginn 16. september og 1. rétt sunnudaginn 17. september kl. 12:00
2. leit, laugardaginn 30. september og 2. rétt sunnudaginn 1. október kl.16:00
3. leit skal lokið fyrir 25. október eftir nánari ákvörðun leitarstjóra.

Réttarstjóri er Harald Haraldsson

Leitarstjórar eru:

Á Norðurfjöllum, Jón Ægisson

Á Suðurfjöllum, Harald Haraldsson

Á Ljárskógafjalli

1. leit, Harald Ó Haralds
2. leit, Bjarni Hermannsson
3. leit, Jóhann Ríkarðsson

Leitarstjórar skulu gæta þess að samræmi verði með leitum á samliggjandi leitarsvæðum.

Leitarstjórar hver á sínu svæði ásamt leitarmönnum, skulu sjá um að allt ókunnugt fé komi til lögréttar.

Öllum jarðeigendum eða umráðamönnum jarða er skylt að smala heimalönd sín fyrir skilarétt og koma ókunnugu fé til réttar áður en réttarhald hefst. Verði smölunarskyldu þessari ekki sinnt, getur hreppsnefnd látið smala landið á kostnað eigenda, sbr. 39. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil og fl. nr. 6/1986. Vanti leitarmenn, er leitarstjóra heimilt að ráða menn á kostnað hlutaðeigenda.

Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Vanræki menn að leggja fram dagsverk skv. álagningu þessari, ber þeim að greiða með 50% álagi til fjallskilasjóðs og skulu leitarstjórar tilkynna sveitarstjóra um þau.

Þeir fjórir menn sem fara í Bitru að smala vestur á Ljárskógafjall í fyrstu leit, fá það metið sem hálfvilt viðbótardagsverk á Ljárskógafjalli.

Dagsverkið er metið á kr. 10.000,-

Í dagsverki eru 64 kindur, hausgjald er kr.101,- pr. kind til flutninga.

Gjalddagi fjallskilagjalda er 1. október n.k. og eindagi 31. október

Fjallskilanevnd